

Fimmtudaginn 27. marz 1958.

Nr. 9/1957. **Bæjarsjóður Neskaupstaðar**
(Rannveig Þorsteinsdóttir hdl.)
gegn
Olíuverzlun Íslands h/f
(Guðmundur Pétursson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1957. Krefst hann þess, að heimiluð verði framkvæmd lögtaks fyrir kr. 20.000.00 ásamt lögmæltum dráttarvöxtum og kostnaði. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í máli þessu hefur komið fram, að stefndi hefur gert samninga við Rafveitu Neskaupstaðar, Pöntunarfélag alþýðu í Neskaupstað og Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað um sölu á olíuvörum. Er efni samninga þessara rakið í úrskurði héraðsdómara. Samkvæmt samningum þeim, er stefndi hefur við Olíusamlag útvegsmanna, tekur Olíusamlagið að sér að selja olíuvörur og kaupa þær eingöngu af stefnda. Við kaupin skal lagt til grundvallar útsöluverð samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda, en Olíusamlaginu veittur tiltekinn afsláttur frá því verði. Af samningunum þykir mega ráða, að Olíusamlagið verði eigandi olíuvaranna, þegar þær eru komnar í geyma í Neskaupstað. Stefndi lætur Olíusamlaginu í té til afnota endurgjaldslaust olíustöð í Neskaupstað með geymum, leiðslum, skúrum, girðingum, bryggjum, bifreið til flutnings á olíuvörum svo og áhöld, sem notuð eru við móttöku og afhendingu á olíuvörum, en Olíusamlagið á að sjá um venjulegt viðhald á olíustöðinni, bifreiðinni og tækjunum á sinn kostnað.

Eins og samskiptum stefnda og Olíusamlagsins er háttað samkvæmt framansögðu, verður að telja, að stefndi reki slíka atvinnustofnun í Neskaupstað, að hann hafi verið þar útsvarsskyldur af þeim rekstri, á þeim tíma, sem hér skiptir máli, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947.

Viðskipti stefnda við Rafveitu Neskaupstaðar og Pöntunarfélag alþýðu þykja hins vegar samkvæmt rökum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, ekki vera með þeim hætti, að þau skapi stefnda útsvarsskyldu í Neskaupstað.

Það hefur komið fram í málinu, að útsvar það, sem hér er deilt um, hefur verið lagt á alla sölu stefnda á oliuvörum, sem framangreindir samningar taka til. Er útsvarið því ölöglega á lagt, og ber þess vegna að synja um framkvæmd lögtaksins, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðili beri sjálfur kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. desember 1956.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 23. f. m., hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Olíuverzlun Íslands h/f, til tryggingar útsvari hans í Neskaupstað fyrir árið 1954, að upphæð kr. 20.000.00, ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags svo og öllum kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboðs, ef til kemur. Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og báðir mál aðiljar hafa krafizt málskostnaðar að mati réttarins. Almennur lögtaksúrskurður fyrir álögðum útsvörum í Neskaupstað 1954 var kveðinn upp hinn 29. september s. á. og birtur í blöðum bæjarins.

Málavextir eru þessir:

Við niðurjöfnun útsvara í Neskaupstað 1954 var gerðarþola í máli þessu gert að greiða kr. 20.000.00 í útsvar. Útsvar þetta telur gerðarþoli ranglega á lagt og hefur því mótmælt framgangi hins umbeðna lögtaks, en upplýst er undir rekstri málsins, að of seint

var kært yfir útsvarsálagningunni, svo að skattnefndir hafa ekki fjallað um réttmæti hins álagða útsvars, og er í máli þessu aðeins deilt um útsvarsskylduna, en ekki upphæð hins álagða útsvars.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að telja verði, að gerðarþoli reki heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú í Neskaupstað og sé því útsvarsskyldur þar samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947. Hann bendir á, að gerðarþoli hafi um margra ára skeið rekið útibú í Neskaupstað og jafnan þar til nú greitt þar álögð útsvör. Hann heldur því fram, að þótt nú sé nokkuð breytt um fyrirkomulag á vörusölu gerðarþola í Neskaupstað, sbr. rskj. nr. 8, 9, 12 og 16, þá sé þó ljóst, að um sé að ræða heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú gerðarþola í Neskaupstað, þótt dulbúin sé til þess að reyna að komast hjá útsvarsskyldu. Megi í þessu sambandi benda á eftirfarandi staðreyndir um viðskipti gerðarþola í Neskaupstað:

1. Um viðskipti gerðarþola og Rafveitu Neskaupstaðar.

Gerðarþoli hafi á árinu 1953 selt Rafveitu Neskaupstaðar einni saman olíu fyrir ca kr. 400.000.00 og hafi sú olía verið afgreidd á 5 geyma í Neskaupstað, 3, sem séu eign Rafveitunnar, sbr. rskj. nr. 8, og 2, sem séu eign hlutafélagsins B.P. á Íslandi, sem, eins og alkunna sé, starfi í nánú samstarfi við gerðarþola og mikill afsláttur sé veittur af olíunni, sbr. rskj. nr. 8, 1. gr., er jafna megi til sölu- eða umboðslauna. Þá sé olíuleiðsla, sem gerðarþola sé heimilt að leggja á bryggju, sbr. rskj. nr. 8, 3. gr., eign gerðarþola.

2. Um viðskipti gerðarþola og Pöntunarfélags Alpýðu.

Um þau gildi samningur á rskj. nr. 12 og megi sérstaklega benda á eftirfarandi: Samkvæmt 3. gr. samningsins beri gerðarþola að annast flutning á benzíni á benzíngeymi og sjá um að fylla á geyminn, þegar kaupandi óskar eftir, en geymirinn sé eign Hafnarstrætis 21 h/f, sbr. rskj. nr. 15, er starfi í nánú samstarfi við gerðarþola og viðurkennt sé, að gerðarþoli sé aðalhluthafi í því félagi. Samkvæmt 4. gr. sama samnings sé talið, að gerðarþoli selji Pöntunarfélagi alpýðu benzín og smurningsolíur kontant, en samkvæmt niðurlagi greinarinnar sé þó heimilt að skulda gerðarþola andvirði einnar hleðslu. Samkvæmt 5. gr. samningsins sé gefinn afsláttur á benzíni til kaupanda, 12 aurar á lítra frá útsöluverði á sölustað, og samkvæmt 6. gr. 12 ½ % afsláttur frá reikningsverði

smurningsolíu í Reykjavík. Einsætt sé að líta á þennan afslátt sem dulbúin umboðslaun.

3. Um viðskipti gerðarpola og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað.

Um þau gildi samningur á rskj. nr. 9 og megi einkum benda á eftirfarandi atriði: Í 1. gr. samningsins segir: „Olíusamlagið tekur að sér að selja olíur til húsakyndingar og aðrar olíur til landviðskipta í Neskaupstað — — “ o. s. frv. Í 2. gr. leyfi gerðarþoli olíusamlaginu endurgjaldslaust not olíustöðvar B.P. á Norðfirði, þ. e. framselji Olíusamlaginu afnot fasteignar, sem gerðarþoli hafi full afnotaréttindi til, þótt stöðin sé að vísu eign annars félags, sem þó starfi í nánú sambandi við gerðarpola, eins og alkunnugt sé. Í 3. gr. sé kveðið á um afslátt á olíuverði, sem jafna beri nánast til launagreiðslu. Í 4. gr. sé kvöð á Olíusamlaginu um að gefa upp mánaðarlega, hve mikið magn sé selt af hráolíu til húsa og í önnur landviðskipti. Olíusamlagið sé skuldbundið til að hlíta fyrirmælum gerðarpola um hámarksverð, sbr. 3., 5. og 7. gr. samningsins. Loks sé Olíusamlaginu í 6. gr. samningsins leyfð endurgjaldslaust afnot bifreiðar, er gerðarþoli eigi hjá Olíusamlaginu.

4. Um viðskipti gerðarpola og h/f Shell á Íslandi við Olíusamlag útvegsmanna.

Um þau gildi samningur á rskj. nr. 16. Samkvæmt 2. gr. samningsins sé Olíusamlaginu veitt endurgjaldslaust afnot olíustöðvar B.P. í Neskaupstað. Samkvæmt 4. gr. beri Olíusamlaginu að gefa upp mánaðarlega það magn af olíu, sem selt er. Í 5. gr. sé því áskilinn afsláttur af hráolíu og í 7. gr. ákveðinn hundraðshluti í afslátt á útsöluverði á smurningsolíu.

Loks megi benda á, að gerðarþoli greiði vörugjald í Neskaupstað af olíu til rafstöðvarinnar og að greiðslufyrirkomulagi á vörum gerðarpola, sbr. rskj. nr. 9 og 16, hafi ekki verið fylgt út í æsar.

Af því, sem nú hefur verið rakið, telur gerðarbeiðandi ljóst, að allir framangreindir samningar gerðarpola við viðskiptamenn hans í Neskaupstað séu málamyndarsamningar og verði því að líta svo á, að gerðarþoli reki enn heimilisfastan atvinnurekstur í Neskaupstað, þótt dulbúinn sé, og sé hann því ótvírætt útsvarsskyldur þar samkvæmt útsvarslögum.

Af hálfu gerðarpola er því haldið fram, að gerðarþoli hafi enga heimilisfasta atvinnustofnun í Neskaupstað og sé því ekki útsvars-

skyldur þar samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, a-lið 2. mgr., sbr. lög nr. 59/1947. Gerðarþoli eigi engar fasteignir í Neskaupstað, hafi þar engan starfsrekstur, skrifstofu, starfsmann né umboðsmann. Áður hafi gerðarþoli að vísu starfrækt þar útibú í eigin nafni eða allt fram til ársins 1949. En frá og með 1. október það ár hafi Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað tekið við umboðinu í stað fyrri umboðsmanns. En með samningi gerðarþola við Olíusamlag útvegsmanna, dagsettum 19. júlí 1952, rskj. nr. 9, hafi verið tekið upp nýtt fyrirkomulag á viðskiptum gerðarþola í Neskaupstað, og hafi olía til landviðskipta í Neskaupstað verið seld samkvæmt þessum samningi á árinu 1953. Sameiginlegur samningur gerðarþola og h/f Shell á Íslandi annars vegar hafi og verið gerður við Olíusamlag útvegsmanna hinn 31. júlí s. á., rskj. nr. 16. Ástæðuna til þess að þetta breytta viðskiptafyrirkomulag var tekið upp telur gerðarþoli vera þá, að ýmsir örðugleikar hafi verið á viðskiptum í Neskaupstað og fleiri útgerðarbæjum, skuldir hafi viljað stofnast, og því hafi gerðarþoli talið sig knúinn til að taka upp bein heildsölu- og staðgreiðsluviðskipti. Um viðskipti gerðarþola við Neskaupstað á útsvarsárinu liggi fyrir samningar, rskj. nr. 8, 9, 12 og 16, og megi af þeim ljóst vera, að um venjulega heildsölu sé að ræða frá aðalskrifstofu gerðarþola í Reykjavík og sé afhending vörunnar einnig í samræmi við það.

Um vörusölu til hinna einstöku viðskiptaaðila í Neskaupstað gerir gerðarþoli eftirfarandi athugasemdir:

1. Um vörusölu til Rafveitu Neskaupstaðar, sbr. samning á rsk. nr. 8. Framkvæmd á 1. gr. samningsins sé með þeim hætti, að olíunni sé dælt beint frá skipi í olúgeymana og sé því raunverulega um að ræða afgreiðslu frá skipshlið. Þetta séu hrein heildsöluviðskipti á c.i.f. grundvelli. Olían sé afreiknuð af skrifstofu gerðarþola í Reykjavík beint til Rafveitu Neskaupstaðar og greiðslur fari fram beint frá Rafveitunni til skrifstofu gerðarþola í Reykjavík. Vörugjald í Neskaupstað af olíu til Rafstöðvarinnra hafi gerðarþoli að vísu greitt frá og með árinu 1950 samkvæmt sérstöku samkomulagi við framkvæmdastjórn Rafveitunnar, en tekið hafi verið fram, að um sérstakan afslátt væri þar að ræða, en ekki samningsbundna greiðslu. Sá afsláttur geti þó ekki talizt viðurkenning á því, að vörusala til Rafveitunnar fari fram innan lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

2. Um aðra vörusölu í Neskaupstað gerir gerðarþoli eftirfarandi athugasemdir:

Með samningi á rsk. nr. 9 milli gerðarpóla og Olíusamlags útvegsmanna var ákveðið, að allar olíur til húsakyndingar og aðrar olíur til landviðskipta í Neskaupstað skyldu keyptar hjá gerðarpóla og var þar ákveðið, að hráolía til húsakyndinga skyldi keypt af gerðarpóla með c.i.f. skilmálum, en greiðsla fyrir ákveðið olíumagn, sem keypt væri hverju sinni, skyldi greidd, áður en olían var sett á land í Neskaupstað. Í sama samningi var einnig ákvæði um, að Olíusamlagið tæki að sér dreifingu og sölu á benzíni í Neskaupstað og að Olíusamlagið skyldi kaupa benzínið og taka það frá birgðastöð Shell á hverjum tíma, enda sé benzínið ávallt greitt fyrir fram, áður en bílfarmur sé tekinn, en sérstakt samkomulag var milli h.f. Shell á Íslandi og gerðarpóla um, að gerðarpoli gæti jafnan fengið nægilegt magn af benzíni h.f. Shell á staðnum til afnota fyrir Olíusamlag útvegsmanna. Ennfremur var ákveðið í samningnum, að smurningsolíur allar, benzín og aðrar olíur, er Olíusamlagið skyldi yfirtaka að kvöldi hins 31. júlí 1952, skyldu greiddast samdægurs. Olía til landviðskipta í Neskaupstað var seld samkvæmt þessum samningi á árinu 1953.

Með sameiginlegum samningi gerðarpóla og h.f. Shell á Íslandi annars vegar og Olíusamlags útvegsmanna hins vegar, rsk. nr. 16, sbr. rsk. nr. 17, var samið um sölu á hráolíu til útgerðarfyrirtækja og skipa í Neskaupstað. Olíusamlagið skyldi kaupa alla hráolíu af seljanda, komna að bryggju í Neskaupstað, með c.i.f. skilmálum, en gerðarpoli og h.f. Shell skuldbundu sig til að selja ekki olíur til skipa eða báta í Neskaupstað, meðan á samningstímabilinu stendur, og skyldi öll slík sala vera í höndum Olíusamlags útvegsmanna. Þá veitti gerðarpoli Olíusamlaginu afnot olíustöðvar B.P. á Norðfirði til geymslu á olíum samkvæmt samningi þessum. Samkvæmt þessum samningi fóru fram þau olíuviðskipti í Neskaupstað, er hér hefur verið rætt um, á árinu 1953, en auk þess keypti Bæjarútgerð Neskaupstaðar nokkuð af brennsluolíu á c.i.f. grundvelli gegn fyrirframgreiðslu eða tryggingu með ábyrgð í gegnum útibú Landsbankans á Eskifirði.

Loks leggur gerðarpoli áherzlu á eftirfarandi:

Gerðarpoli greiddi útsvör til Neskaupstaðar, meðan hann starfækti þar útibú eða umboð í eigin nafni, en slíkri starfsemi gerðarpóla var endanlega hætt á árinu 1952. Það sé því með

öllu útilokað, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur í Neskaupstað frá og með árinu 1954.

Gerðarþoli á alls engar fasteignir í Neskaupstað. Olíustöðin er eign h.f. B.P. á Íslandi. Gerðarþoli hefur hins vegar afnot þessarar stöðvar, en hefur framselt þau Olíusamlagi útvegsmanna. Olíuleiðsla sú, er um ræðir í 3. gr. samningsins á rsk. nr. 8, er eign B.P. á Íslandi, þrátt fyrir orðalag greinarinnar. Benzíngeymir á lóð Pöntunarfélags alþýðu er eign Hafnarstræti 21 h.f. í Reykjavík svo og bifreið sú, er um getur í 6. gr. samningsins á rsk. nr. 9, þrátt fyrir orðalag greinarinnar.

Gerðarþoli er ekki hluthafi í B.P. á Íslandi h.f. og B.P. á Íslandi h.f. er ekki heldur hluthafi í Olíuverzlun Íslands h.f.

Samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947, er það aðalreglan, að þar skal leggja útsvar á félag, sem það hefur skrásett heimilisfang, en samkvæmt a-lið sömu gr. má þó leggja á það útsvar á fleiri en einum stað, ef það hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit. Nú er það óumdeilt í máli þessu, að gerðarþoli hafi ekki skráð útibú í Neskaupstað, hafði þar ekki skrifstofu, starfsmenn né nokkurn skráðan starfsrekstur á útsvarsárinu 1953. Hann er því ekki útsvarsskyldur í Neskaupstað á gjaldárinu 1954 samkvæmt útsvarslögum, nema leitt sé í ljós, að viðskipti hans þar á útsvarsárinu 1953 hafi verið með þeim hætti að jafna megi til heimilisfastrar atvinnustofnunar þar. Eftir því sem fyrir liggur í máli þessu, hafa viðskipti gerðarþola í Neskaupstað á útsvarsárinu 1953 aðallega verið við þrjá aðilja. Bygggjast þau viðskipti á fjórum samningum, og mun rétturinn hér á eftir víkja að þeim hverjum fyrir sig og rekja aðalatriði þeirra.

1. Viðskipti gerðarþola og Rafveitu Neskaupstaðar, en um þau gildir samningur á rsk. nr. 8. Aðalinntak samningsins er á þessa leið:

Gerðarþoli skuldbindur sig til að selja Rafveitu Neskaupstaðar hráolíu á 3 geyma (ca. 50—60 tn.). Geymarnir eru tengdir við rafstöðvarhúsið. Verð olíunnar skal vera almennt útsöluverð gerðarþola eða h.f. Shell á Íslandi til báta á Norðfirði og Seyðisfirði. Afslátt skal gerðarþoli gefa, 7%, ef viðskiptin nema á 12 mánuðum 350—600 tn., en 10% að ári liðnu, ef viðskiptin nema yfir 600 tn. Af smurningsolíum skal gefinn 10% afsláttur frá gildandi verðlagi gerðarþola á Norðfirði. Rafveitan skuldbatt sig til að kaupa alla olíu og olíuafurðir hjá gerðarþola. Bæjarstjórnin veitti gerðarþola leyfi til lagningar olíuleiðslu á bryggju, er taka

mætti aftur að samningstímabili loknu, ef ekki næst samkomulag um að bæjarstjórnin kaupi leiðsluna. Greiðslufyrirkomulag skal vera með þeim hætti, að greiðsla skal fara fram mánaðarlega eftir á og skal hún innt af hendi fyrir 10. dag næsta mánaðar á eftir.

2. Viðskipti gerðarpola og Pöntunarfélags alþýðu, en um þau gildir samningur í rsk. nr. 12. Er aðalinntak hans, sem hér segir:

Gerðarpoli skuldbindur sig til að selja Pöntunarfélagi alþýðu allt benzín og smurolíur, sem það þarfnast, og Pöntunarfélag alþýðu skuldbindur sig til þess að kaupa þessar vörur eingöngu af gerðarpola. Gerðarpoli skal annast flutning á benzíninu á smásölugeymi hjá Pöntunarfélagi alþýðu og fylla á hann, eftir því sem kaupandi óskar. Gerðarpoli selur benzínið kontant og er það eign kaupanda eftir móttöku og ber hann alla ábyrgð af rýrnun þess. Kaupanda skal þó heimilt að skulda gerðarpola sem svarar andvirði þess magns, er benzíngeymirinn tekur einu sinni. Verð benzínsins skal vera 12 aukum lægra á líterinn en útsöluverð á sölustað. Af smurningsolíum skal kaupandi fá 12½% afslátt frá reikningsverði vörunnar í Reykjavík.

3. Um viðskipti gerðarpola og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað. Um þau gilda samningur í rskj. nr. 9, og er aðalinntak hans á þessa leið:

Olíusamlagið tekur að sér að selja olíur til húsakyndinga og aðrar olíur til landviðskipta í Neskaupstað og kaupir olíur af gerðarpola í því skyni. Ennfremur tekur Olíusamlagið að sér að selja benzín, smurningsolíur og aðrar olíuafurðir. Gerðarpoli leyfir Olíusamlaginu endurgjaldslaus afnot af Olíustöð B.P. á Norðfirði út samningstímabilið, en Olíusamlagið skal annast viðhald stöðvarinnar og tækja. Hráolía til húsakyndinga skal keypt af gerðarpola með c.i.f. skilmálum, og skal lagt til grundvallar almennt útsöluverð til báta í Neskaupstað samkvæmt úrskurði verðlagseftirlitsins, en frá því dragast kr. 105.00 pr. tonn. Skal greiðsla fyrir ákveðið magn af olíu, sem keypt er hverju sinni, greiðast áður en olían er sett á land í Neskaupstað. Olíusamlagið skal mánaðarlega gefa upp selt magn af olíu til húsa og landviðskipta. Olíusamlagið tekur að sér dreifingu og sölu á benzíni í Neskaupstað og skal það kaupa benzínið, sem það skal taka af birgðastöð h.f. Shell, og greiða ávallt fyrirfram áður en bílfarmur er tekinn. Verð á benzíni skal vera almennt útsöluverð á benzíni í Neskaupstað á hverjum tíma, að frádregnum 16 aukum af lítra. Til að annast þessa dreifingu, skal Olíusam-

lagið fá endurgjaldslaus afnot bifreiðar, er gerðarþoli á hjá Olíusamlaginu, en það kostar rekstur bílsins. Þá skal Olíusamlagið að kvöldi hins 31. júlí 1952 yfirtaka allar birgðir gerðarþola á Norðfirði af smurningsolíum, feiti, benzíni og öðrum olíum, er þar eru þá til sölu og greiða þær samdægurs. Verð á smurningsolíum skal vera hið almenna útsöluverð í Reykjavík, að fráðregnum 15%, og skal öll smurningsolía greidd fyrirfram. Gerðarþoli yfirtekur skuldalista vegna fyrra umboðs á sölu húsaolíu og öðrum umboðsvörum. Skal Olíusamlagið skila reikningum, viðurkenndum af skuldunautum eða öðrum sannanlegum skuldum fyrir 15. ágúst 1952. Skal sama gilda um skuldir viðskiptamanna vegna olíugeyma. Reikningar þessir og skuldalistar skulu teljast greiðsla, þegar sannað er, að skuldirnar séu rétt taldar. Gerðarþoli innheimtir skuldirnar fyrir eigin reikning. Olíusamlagið tekur hins vegar að sér að innheimta skuldir fyrir benzín-sölu, og skulu þær greiddar eða umsamdar fyrir ágústlok.

4. Um viðskipti gerðarþola og h/f Shell á Íslandi annars vegar og Olíusamlags útvegsmanna hins vegar gildir samningur á rskj. nr. 16, sbr. rskj. nr. 10, og er aðalinntak hans á þessa leið:

Olíusamlagið skuldbindur sig til að kaupa vörur þær, er um er samið í samningi þessum, eingöngu frá seljendum. Það fær endurgjaldslaus afnot af olíustöð B.P. á Norðfirði til geymslu á olíum samkvæmt þessum samningi, ásamt með olíum, sem nota skal til húsakýndinga samkvæmt samningi á rskj. nr. 9, en viðhald stöðvarinnar skal það annast. Það skuldbindur sig til að kaupa alla hráolíu (gasolíu) af gerðarþola og h/f Shell á Íslandi, komna að bryggju í Neskaupstað, með c.i.f. skilmálum. Skal olían greidd, áður en byrjað er að skipa henni upp í Neskaupstað og skal samið um magn fyrirfram í hverju tilfelli, en reynist magn það, sem upp var skipað til kaupanda, annað en um var samið, skal það leiðrétt þegar í stað, er tölur liggja fyrir um raunverulegt magn, mælt í geymum á olíustöðinni. Olíusamlagið skal gefa upp mán-aðarlega, hve mikið magn er selt af olíu til báta og landviðskipta. Verð á hráolíu skal miðað við almennt útsöluverð til báta á Norðfirði, að fráðregnum heildsöluafslætti, kr. 105.00 pr. tonn. Olíusamlagið skal kaupa upp birgðir, eins og þær eru að morgni hins 1. ágúst 1952, að fráðregnum ofangreindum afslætti, en að viðbættu hafnargjaldi á það magn, sem fyrir er. Skulu birgðirnar greiddar að fullu áður en olíusamlagið byrjar á sölu samkvæmt samningum. Smurningsolíur skulu seldar Olíusamlaginu c.i.f. Norðfirði á almennu útsöluverði seljanda í Reykjavík, að frá-

dregnum 15% afslætti. Samið er um ógreiddar skuldir kaupenda við seljendur frá fyrri viðskiptum.

Ef litið er á efni framangreindra samninga og það, sem fyrir liggur í málsskjölum um framkvæmd þeirra, þá fær rétturinn ekki séð, að þau viðskipti, er þar er fjallað um, séu það frábrugðin venjulegum heildsöluviðskiptum, að þeim megi jafna til heimilisfastrar atvinnustofnunar gerðarpóla í Neskaupstað á þeim tíma, er máli skiptir fyrir úrslit þessa máls, nema fleiri rök hnigi að því. Af hálfu gerðarbeiðanda hefur því verið haldið fram, að náði samband gerðarpóla við h/f B.P. á Íslandi og Hafnarstræti 21 h/f renni einnig rökum undir það, að um dulbúinn atvinnurekstur gerðarpóla í Neskaupstað sé að ræða. Upplýst er í málinu og óumdeilt, að félög þessi eru sjálfstæð hlutafélög og að gerðarþoli er ekki hluthafi í hinu fyrrnefnda, en á hins vegar verulegan hlut í hinu síðarnefnda. Það er enn fremur upplýst í málinu, að h/f B.P. á olíustöð B.P. í Neskaupstað, er gerðarþoli hefur afnotarétt til, og að hann hefur framselt þann rétt til Olíusamlags útvegs-
manna og að Hafnarstræti 21 h/f á yfirleitt olíugeyma og benzín-
dælur þær, er söluvörur gerðarpóla eru afgreiddar frá, þ. á. m.
dælur þá og geymi, er Pöntunarfélag alþýðu í Neskaupstað hefur
til notkunar. Loks hefur því verið haldið fram af hálfu gerðar-
þóla við munnlegan flutning málsins og var því ekki mótmælt af
hálfu gerðarbeiðanda, að olíuleiðsla sú, er lögð hefur verið sam-
kvæmt heimild í 3. gr., rskj. nr. 8, sé eign h/f B.P. á Íslandi og
að bifreið sú, er um getur í rskj. nr. 9, 6. gr., sé eign Hafnar-
strætis 21 h/f.

Þegar litið er á það, er hér hefur verið rakið um viðskipti gerðarþóla í Neskaupstað á útsvarsárinu 1953, telur rétturinn, að ekki séu efni til að telja þessi viðskipti þess eðlis að jafna megi þeim til fastrar atvinnustofnunar og fái þau því ekki réttlætt umdeilda útsvarsálagningu. Niðurstaða réttarins verður því sú, að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.
